

Föstudaginn 10. marz 1972.

Nr. 30/1972. Neisti h/f

gegn

Rafveitu Ísafjarðar

Sveitarsjóði Eyrarhrepps

Kvenfélaginu Hvöt

Verkalýðsfélagi Hnífsdælinga

Íþróttafélaginu Reyni

Slysavarnardeildinni í Hnífsdal og

Pólnum h/f.

Dómenndur:

hæstaréttardómamarnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson,
Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og prófessor Ármann
Snævarr.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 9. janúar 1972, sem barst Hæstarétti 24. febrúar 1972, hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., b, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst sóknaraðili þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Málsreifun sóknaraðilja er óskýr, og m. a. verður ekki af henni ráðið, að honum sé heimilt að sækja varnaraðilja saman í máli þessu, sbr. 47. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.

Dæma ber sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Neisti h/f, greiði varnaraðiljum, Rafveitu

Ísafjarðar, sveitarsjóði Eyrarhrepps, Kvenfélaginu Hvöt, Verkalýðsfélagi Hnífsdælinga, Íþróttafélaginu Reyni, Slysavarnardeildinni í Hnífsdal og Pólnum h/f, kærumálskostnað, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 29. desember 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar þann 25. nóvember 1971, hefur Júlíus Helgason rafvirkjameistari, Engjavegi 19, Ísafirði, f. h. Neista h/f, Hafnarhúsinu á Ísafirði, höfðað fyrir bæjarþingi Ísafjarðar samkvæmt heimild í 83. gr. laga nr. 85/1936 á hendur Rafveitu Ísafjarðar, sveitarsjóði Eyrarhrepps og Pólnum h/f, Ísafirði, til greiðslu skaðabóta in solidum, samtals að fjárhæð kr. 750.000.00 auk 7% ársvaxta af fjárhæðinni frá 1. júní 1971 til greiðsludags, svo og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndu hafa krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá dómi. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt texta Lögmannafélags Íslands vegna þessa þáttar málsins.

Við munnlegan flutning málsins um frávísunarkröfuna, sem fram fór 25. nóvember s.l., krafðist stefnandi þess, að framkominni frávísunarkröfu yrði hrundið og við ákvörðun málskostnaðar við endanlegan dóm málsins yrði tekið tillit til þessa þáttar málsins.

Málavextir.

Tildrög máls þessa eru þau, að þann 1. júní 1971 var Júlíus Helgason rafverktaki vegna Neista h/f, Ísafirði, sviptur raflagnarleyfi vegna húsveitu nr. 1063, Félagsheimilisins í Hnífsdal, en samkvæmt afsals- og veðmálabókum Ísafjarðarsýslu og kaupstaðar er það eign Eyrarhrepps, Kvenfélagsins Hvatar, Verkalýðsfélags Hnífsdælinga, Íþróttafélagsins Reynis og Slysavarnadeildarinnar í Hnífsdal.

Að sögn stefnanda var hann af þar til hæfum mönnum beðinn um, að hann tæki að sér að leggja raflagnir í fyrirhugaða byggingu félagsheimilisins, og kom sú beiðni fram um mánaðamótin ágúst—september 1959. Skyldi hann vinna verkið í áföngum, og féllst hann á að taka verkið að sér. Í framhaldi af því sótti hann um raflagnarleyfi til Rafveitu Ísafjarðar og fékk það í júlí 1962, nr. 1063.

Vann stefnandi síðan að raflögnum í félagsheimilið, unz hann

var sviptur því, eins og áður greinir, af Rafveitu Ísafjarðar, rafmagnseftirliti hennar.

Er hefja skyldi lokaframkvæmdir raflagnarinnar, segir stefnandi, að oddviti Eyrarhrepps hafi rift framangreindum samningi fyrirvaralaust og gert kröfu til þess, að stefnandi afsalaði sér öllum frekari rétti til raflagna í félagsheimilið. Kveðst stefnandi ekki hafa getað fallt á það, á meðan ekki væri fullnægt þeim reglum um rafverktakaskipti, sem settar höfðu verið af Rafveitu Ísafjarðar í október 1970.

Skömmu eftir að raflagnaleyfið var afturkallað, hafði stefnandi spurnir af því, að stefndi Póllinn h/f, Ísafirði, hefði þegar í maí-mánuði s.l. tekið að sér raflagnir í félagsheimilið.

Þrátt fyrir tilraunir til þess að ná sáttum í málinu, hefur það reynt árangurslaust, og þess vegna kveðst stefnandi hafa neyðzt til að höfða mál þetta, og telur hann alla stefndu, þ. e. eigendur Félagsheimilisins í Hnífsdal, Rafveitu Ísafjarðar og Pólinn h/f, bera solidariska ábyrgð á því tjóni, sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna ólögmættra aðgerða þeirra, svo og fyrir þann álits-hnekk og óþægindi, sem hann hefur orðið fyrir vegna aðgerða stefndu.

Stefndu hafa ekki tjáð sig um sjálfa málavexti á þessu stigi málsins.

Rökstuðningur.

A. Eins og áður greinir, rökstyður stefnandi bótakröfu sína á þann hátt, að hver hinna stefndu aðilja og þeir allir sameiginlega hafi með ólögmætu atferli sínu valdið honum fjárhagslegu tjóni, sem þeir hver fyrir sig og sameiginlega beri bótaábyrgð á, og enn fremur á sama hátt komið í veg fyrir, að hann gæti neytt réttar síns til verks, sem um hafði verið samið, að hann ynni.

1. Samkvæmt upplýsingum Ólafs Gíslasonar áætla hann, að verk það, sem hér um ræðir, muni nema í vinnu og efni um 800 þúsund krónum og muni um $\frac{1}{3}$ hluti verksins vera efniskostnaður, en $\frac{2}{3}$ hlutar vinna.

Álagning á selt efni muni samkvæmt upplýsingum F. L. R. í Reykjavík nema um 30%, en á vinnu um 35%, og sé því fjárhagstjón stefnanda vegna þess, að hann varð af verkinu, um kr. 250.000.00.

2. Þá hafi stefndu bakað stefnanda mikil óþægindi fyrir utan þann álitshnekk, sem hann hafi orðið fyrir, þegar það fréttist, að opinberir aðilar hefðu hrakið hann frá verki af tilefnislausu og

gefið í skyn, að fullar ástæður væri fyrir því, án þess að aðilar hafi reynt að renna stöðum undir þær aðdróttanir.

Með hliðsjón af þeim álitshnekki og þeirri röskun, sem orðið hafi á stöðu stefnanda til áframhaldandi rafverktakaframkvæmda í umdæmi Rafveitu Ísafjarðar, eigi hann auk bóta fyrir framan-greint fjártjón kröfu á um 500 þúsund króna bótum með hliðsjón af 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda ófyrirsjáan-legar þær afleiðingar, sem meingerð stefndu hefur átt upptök að.

Stefnandi telur kröfur sínar nægilega rökstuddar til efnisdóms.

B. 1. Stefndu byggja kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að öllum þeim aðiljum, sem hlut eiga að máli, hafi ekki verið stefnt. Að-eins sveitarsjóði Eyrarhrepps hafi verið stefnt f. h. Félagsheim-ilisins í Hnífsdal, en hann sé aðeins einn af 5 aðiljum, sem eiga það.

Niðurstaða málsins geti skipt alla þessa eigendur máli og sé þessi málsmeðferð brot á 46. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 og beri að vísa málinu frá af þeim sökum.

2. Í öðru lagi reisa stefndu frávísunarkröfu sína á því, að mála-tilbúnaður sé svo óskýr og ófullnægjandi, að eigi sé gerlegt að taka til varna um efnishlið málsins. Stefnandi staðhæfi, að hann hafi orðið fyrir tjóni „vegna ólögmætra aðgerða“ stefndu, en það komi ekki fram, hvorki í stefnu né greinargerð (dskj. nr. 2), á hvern hátt ólögmætið sé eða á hvern hátt hver um sig hafi brotið lög á honum. Á meðan það liggi ekki ljóst fyrir, sé ekki hægt að halda uppi vörnum í málinu.

Enn fremur sé stefnufjárhæðin, kr. 750.000.00, ágizkuð og örökstudd.

Niðurstaða.

Um A 1. Engin gögn hafa verið lögð fram um útreikning dóm-kröfunnar, aðeins byggt á munnlegum óákveðnum upplýsingum einhvers Ólafs Gíslasonar og F. L. R. í Reykjavík. Samkvæmt þessum lið reiknar stefnandi sér bætur um kr. 250.000.00, en ætti að vera samkvæmt ofangreindum upplýsingum um kr. 266.666.55, svo að ekki virðist einu sinni vera byggt á þessum örökstuddu upplýsingum. Stefnandi hefur því á engan hátt gert þennan hluta kröfu sinnar sennilegan, eins og nú horfir.

Um A 2. Þessi krafa vegna tjóns, sem stefndu eiga að hafa bakað stefnanda með röskun á högum hans og áliti, er á engan hátt rökstudd.

Bæði í stefnu og greinargerð á dskj. nr. 2 skortir reifun á þess-um veigamestu atriðum málsins, kröfufliðunum.

Um B 1. Þetta frávísunaratriði kemur ekki til greina, þar sem stefnandi hefur bætt úr þessum galla með því að stefna inn í málið meðeigendum sveitarsjóðs Eyrarhrepps með stefnu, útgefinni 25. október 1971, sbr. dskj. nr. 31, enda hafa stefndu ekki haldið þessari frávísunarkröfu fram, eftir að stefna þessi var þingfest.

Um B 2. Í stefnu er stefnukrafa ósundurliðuð og á engan hátt sýnt fram á, hvernig hún er byggð upp, en samkvæmt 88. gr. laga nr. 85/1936 skal greina í stefnu kröfur þær, sem gerðar eru, svo skýrt sem unnt er. Krafan er greind sem greiðsla á skaðabótum in solidum, samtals að fjárhæð kr. 750.000.00 án sundurliðunar.

Í greinargerð á dskj. nr. 2 er krafan sundurliðuð í kr. 250.000.00 og kr. 500.000.00 og gerð tilraun til rökstuðnings, m. a. með því að vísa til framlagðra skjala nr. 1—28, án þess þó að nokkuð hafi verið úr þeim gögnum unnið eða þau skýrð þar.

Við munnlegan málflutning lagði stefnandi fram nr. 32 aðra greinargerð, sem umboðsmaður stefndu mótmælti, og verður hún af þeim orsökum ekki tekin til greina að svo stöddu, þar sem hún er of seint fram komin.

Málavöxtum er ekki nægilega lýst, hvorki í stefnu né greinargerð (dskj. nr. 2).

Eins og lýst hefur verið hér að framan, hefur mál þetta verið rekið af hálfu stefnanda með þeim hætti, sem mjög brýtur í bága við fyrirmæli laga nr. 85/1936 um skýran og greiðan málflutning.

Af þessum sökum ber að vísa málinu frá dóminum. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefndu kr. 15.000.00 í málkostnað.

Einar Gunnar Einarsson, fulltrúi bæjarfógeta á Ísafirði, kvað upp dóm þennan, en uppsaga hans hefur dregið nokkuð vegna anna við önnur embættisstörf.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Neisti h/f, greiði stefndu, Rafveitu Ísafjarðar, sveitarsjóði Eyrarhrepps, Kvenfélaginu Hvöt, Verkalýðsfélagi Hnífsdælinga, Íþróttafélaginu Reyni, Slysavarnadeildinni í Hnífsdal og Pólnum h/f, kr. 15.000.00 í málkostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.